



# Ársskýrsla 2018-2019



júní 2019

AkureyrarAkademían

ISSN: 2298-8831



Mynd 1. Árholt í september 2018.

## Starfsemi

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, sem í daglegu tali var kallað AkureyrarAkademían, var stofnað vorið 2006. Markmiðið með stofnun félagsins var að nýta betur þekkingu fræðafólks á Norðurlandi og skapa vettvang til miðlunar og umræðu inn á við sem og til samfélagsins. Árið 2015 var félaginu breytt í sjálfseignarstofnunina AkureyrarAkademíuna (AkAk) sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sama ár var undirritaður samstarfssamningur milli AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sá samningur er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk og leggur grunninn að fjárhagslegum rekstri.

Starfsemi AkAk er tvíþætt, annarsvegar útleiga á vinnuplássum til nema og sjálfstætt starfandi fræðimanna og hinsvegar stendur AkAk reglulega fyrir viðburðum sem allir hafa það megin markmið að skapa brú á milli fræða og samfélags. Á starfsárinu stóð AkAk fyrir námskeiðsröðinni „Konur upp á dekk“ fyrir konur í verkalýðshreyfingunni, málþingi um kulnun og tilraunaverkefni í yfirferð á frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda. Til viðbótar er almennur rekstur stofnunarinnar og uppbygging samstarfs við ýmsa aðila.

## Starfsárið 2018-2019

### Stjórn og framkvæmdastjóri

Á ársfundi stofnunarinnar þann 17. maí 2018 voru stjórn og fulltrúaráð kosin af fulltrúum. Starfsárið 2018-2019 var stjórn skipuð þannig:

Bergljót Þrastardóttir, formaður  
Steinunn A. Ólafsdóttir, ritari  
Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

Dr. Arndís Bergsdóttir  
Dr. Martina Huhtamaki  
Dr. Sigurgeir Guðjónsson  
Valgerður S. Bjarnadóttir



Mynd 2. Ársfundur AkAk þann 17. maí 2018. Frá vinstri: Steinunn A. Ólafsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Ólöf María Brynjarsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Ólafur B. Thoroddsen, Jóhann Ásmundsson og Martina Huhtamaki.

Stjórn AkAk fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfboðavinnu. Stjórn AkAk fundaði alls tvisvar sinnum á starfsárinu. Stjórn, fulltrúaráð og fulltrúar í AkAk taka þátt í viðburðum á vegum stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuaðstöðu hjá stofnuninni leggi sitt af mörkum til þess samfélags sem AkureyrarAkademían er. Reglulega eru haldin vöflukaffi þar sem fulltrúar eru virkjaðir í starfi stofnunarinnar en á þeim fundum verða oft til margar góðar hugmyndir.

Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademiunnar er Kristín Heba Gísladóttir. Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar, annast rekstur hennar og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

## Útleiga á vinnuaðstöðu

AkureyrarAkademían hefur frá stofnun leigt út vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema. Nýting vinnuaðstöðunnar árið 2018 var 103%. Veturinn 2018 var gríðarlega mikil aðsókn í vinnuaðstöðu í AkAk og biðlisti inn í húsið. Til að reyna að koma sem flestum að var tveimur skrifborðum komið fyrir tímabundið í húsnæðinu í Árholti og fólki boðið að koma inn í húsnæðið t.d. ef skrifborð losnuðu í tiltekinn tíma. Þetta gerði það að verkum að vinnuaðstaðan árið 2018 var meira en fullnýtt. Alls leigðu 22 einstaklingar vinnuaðstöðu hjá stofnuninni á starfsárinu, 17 konur og 5 karlar.

Tafla 1. Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu.

Ár:	Nýting:
2018	103%
2017	88%
2016	89%

Flestir þeirra sem starfa í AkAk stunda meistaranám, en þeir starfa oft í nokkra mánuði innan stofnunarinnar. Næst stærsti hópurinn eru doktorsnemar sem staldra oft við í lengri tíma. Sjálfstætt starfandi fræðimenn og rithöfundar starfa auk þess innan AkAk.













Tafla 2. Námsstig fulltrúa.

Staða:	Fjöldi;
Doktorsnemar	6
Meistaraneimar	9
Nýdóttorar	3
Sjálfstætt starfandi	4
Samtals:	22

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings annarra fræðimanna og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín. Slíkt er mikilvægt fyrir fræðimenn til að geta rætt þau störf sem fengist er við hverju sinni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Þeir fræðimenn sem hafa verið starfandi í húsinu hafa tekið virkan þátt í starfsemi AkAk og þannig lagt sitt af mörkum til að stuðla að sterkari stöðu hennar í samfélaginu.

## Innanhúsfólk

	<p><b>Aðalheiður Steingrímsdóttir</b> <i>Meistaraniemi í sagnfræði</i></p>		<p><b>Andrea Sigrún Hjálmsdóttir</b> <i>Doktorsnemi í félagsvísindum</i></p>
	<p><b>Dr. Arndís Bergsdóttir</b> <i>Nýdكتور í safnafræði</i></p>		<p><b>Bergljót Þrastardóttir</b> <i>Doktorsnemi í menntunarfræðum</i></p>
	<p><b>Elísa Dröfn V. Tryggvadóttir</b> <i>Meistaraniemi í heilbrigðisvísindum</i></p>		<p><b>Eva Harðardóttir</b> <i>Doktorsnemi í menntunarfræðum</i></p>
	<p><b>Fjóla Björk Jónsdóttir</b> <i>Meistaraniemi í stjórnun og stefnumótun</i></p>		<p><b>Gunnar Árnason</b> <i>Meistaraniemi í heilbrigðisvísindum</i></p>
	<p><b>Hafdís Hrönn Pétursdóttir</b> <i>Meistaraniemi í heilbrigðisvísindum</i></p>		<p><b>Jóhann Ásmundsson</b> <i>Meistaraniemi í heimskautarétti</i></p>
	<p><b>Margrét Guðmundsdóttir</b> <i>Sagnfræðingur</i></p>		<p><b>Dr. Martina Huhtamäki</b> <i>Nýdكتور í norrænum málum</i></p>



**Maya Staub**  
*Doktorsnemi í  
félagsvísindum*




**Melkorka Mjöll Kristinsdóttir**  
*Meistarane­mi í hnattrænum  
tengslum*



**Ólafur B. Thoroddsen**  
*Kennari og  
landfræðingur*



**Ólöf María Birnu  
Brynjarsdóttir**  
*Meistarane­mi í  
félagsvísindum*



**Dr. Sigurgeir Guðjónsson**  
*Sagnfræðingur*



**Dr. Skafti Ingimarsson**  
*Sagnfræðingur*



**Steinunn A. Ólafsdóttir**  
*Doktorsnemi í  
heilbrigðisvísindum*



**Dr. Þóra Pétursdóttir**  
*Fornleifafræðingur*



**Þóra Sigurðardóttir**  
*Meistarane­mi í  
heilbrigðisvísindum*



**Valgerður S. Bjarnadóttir**  
*Doktorsnemi í  
menntunarfræðum*

## Húsnæði

AkureyrarAkademían var þar til í apríl 2019 staðsett í húsnæðinu Árholti, sem leigt var af Akureyrarbæ, að Háhlíð 1. Í húsnæðinu var áður starfræktur leikskóli og síðar skammtímavistun þar til AkAk fékk húsið á leigu. Í húsnæðinu voru fjórtán vinnupláss og þar fyrir utan aðstaða framkvæmdastjóra. Auk þess var funda- og kaffiaðstaða.

Í þriggja árgang hafði AkAk fengið eins árs leigusamning við Akureyrarbæ en í lok árs 2018 var gerður þriggja ára samningur um leigu á húsnæðinu. Mikil ánægja ríkti með þann samning innan AkAk enda hafði ríkt óvissa lengi í húsnæðismálunum og auk þess hentaði húsnæðið starfseminni mjög vel. Í mars boðuðu bæjaryfirvöld fulltrúa AkAk á sinn fund og var þá upplýst um að nauðsynlegt væri að segja upp



Mynd 3. Árholt fyrrum húsnæði AkureyrarAkademíunnar

leigusamningnum og að taka þyrfti húsnæðið í notkun fyrir aðra starfsemi í maí. AkAk ásamt bæjaryfirvöldum leituðu að hentugu húsnæði og úr varð að stofnunin fluttist að Glerárgötu 34 í húsnæði sem Akureyrarbær leigir undir frumkvöðlasetrið Verksmiðjuna sem starfrækt er á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar. Leigusamningur Akureyrarbæjar vegna húsnæðisins rennur út í febrúar 2020. Húsnæðið hefur verið illa nýtt og ekki er fyrirhugað að endurnýja samninginn. Fyrir liggur að nauðsynlegt er að finna varanlegt húsnæði. Viðræður eru nú hafnar milli Akureyrarbæjar, AkAk, Háskólans á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöðvar og Mátis um mögulegt samstarf og samnýtingu á húsnæði.

## Samstarf

Frá því árið 2015 hefur verið lögð áhersla á að fjölga fulltrúum í AkAk. Stjórn stofnunarinnar taldi mikilvægt að ná betur til þess stóra hóps sem hefur starfað innan AkAk á liðnum árum. Frá árinu 2015 hefur fjöldi fulltrúa tvöfaldast og hefur stofnunin náð að halda þeim fjölda síðastliðin þrjú ár.

Tafla 3. Fjöldi fulltrúa frá 2015-2018.

Ár:	Fjöldi fulltrúa:
2018	30
2017	29
2016	31
2015	14

AkAk og Háskólinn á Akureyri (HA) undirrituðu nýjan samstarfssamning í mars 2017 og er hann til þriggja ára. Stofnanirnar hafa átt í formlegu samstarfi frá árinu 2014. Aðilarnir staðfesta með samningnum vilja sinn til að efla samstarf með það að markmiði að nýta sem best þá sérfræðipækkingu, kunnáttu og aðstöðu sem samningsaðilarnir búa yfir. Aðilarnir munu standa fyrir að minnsta kosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum og er hafið samtal um mögulega ráðstefnu. Auk þess skal AkAk veita forsetum víðeigandi fræðasviða HA upplýsingar um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk á hverri önn. Mikil ánægja er með það góða samstarf sem ríkt hefur milli AkAk og HA í gegnum tíðina.



Mikilvægt er að stofnanirnar samnýti krafta sína og var með gerð samningsins lögð áhersla á að auka þetta góða samstarf enn frekar.

Í apríl 2017 undirrituðu framkvæmdastjóri AkAk og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar (RA) samstarfssamning. Markmið samningsins er að efla samstarf á milli AkAk og RA í rannsóknarstarfi, nýtingu aðstöðu og húsnæðis og í miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga. Vonir standa til að samningurinn sé upphafið að enn meira samstarfi á milli aðilanna. Framkvæmdastjórar AkAk og RA hafa fundað tvisvar sinnum á starfsárinu.

Á starfsárinu stóð stofnunin fyrir viðburðum og námskeiðum í samstarfi við Starfsgreinasambandið, Jafnréttisstofu, JCI Sprota, VIRK starfsendurhæfingu, Akureyrarbæ og Háskólann á Akureyri.

## Vefsíða og samfélagsmiðlar

AkureyrarAkademían notar samfélagsmiðla og vefsíðu í síauknum mæli til að koma upplýsingum á framfæri. Lögð hefur verið áhersla á að viðhalda vefsíðu stofnunarinnar sem var tekin til gagnerrar endurskoðunar árið 2015. Upplýsingar um þá sem starfa innan stofnunarinnar á hverjum tíma eru þar aðgengilegar ásamt þeim viðburðum sem stofnunin stendur fyrir. Jafnframt eru þar birtar skýrslur og ársreikningar stofnunarinnar.

## Umhverfisvernd

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á umhverfismál innan AkAk. Gríðarlega vel hefur gengið að flokka sorp og er ánægjulegt að þrátt fyrir að talsvert sé um mannabreytingar innan stofnunarinnar, þá gengur nýtt fólk auðveldlega inn í sorpflokkunina. Í innkaupum er hugað að umhverfinu með því að stilla innkaupum í hóf og vera meðvituð um að kaupa það sem þarf. Allar ræsti- og hreinlætisvörur sem keyptar eru inn eru auk þess umhverfisvottaðar. Upplýsingar um strætóleiðir hafa verið hengdar upp á vinnustaðnum. Fulltrúar hafa verða hvattir til að koma með ábendingar varðandi þá þætti sem stofnunin getur gripið til, til að auka umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfismálum. Eftir að stofnunin fluttist í nýtt húsnæði sem er deilt með frumkvöðlasetrinu Verksmiðjunni höfum við staðið frammi fyrir nýjum áskorunum í umhverfismálum. Með smávægilegum breytingum hefur flokkun sorps komist á rétt ról og breytingar hafa verið gerðar til dæmis með því að setja handklæði á baðherbergi í stað pappírspurrkna o.s.fv.

## VIÐBURÐIR

Á starfsárinu hrundi AkureyrarAkademían af stað verkefninu „Konur taka af skarið“ sem var fyrirferðarmikið og stærsta verkefni stofnunarinnar hingað til. Auk þess var haldið málþing á lýðræðishátíðinni LÝSU og stofnunin hóf tilraunaverkefni þar sem akademónar hittust og fóru yfir frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda.

### Konur taka af skarið!

Konur upp á dekk er stærsta verkefni AkureyrarAkademíunnar hingað til. Hugmyndin að verkefninu kviknaði undir lok árs 2017, í kjölfar Alþingiskosninga þar sem konur hlutu skertan hlut og fækkaði töluvert á þingi. Ákveðið var að bjóða upp á námskeið fyrir konur sem hefðu áhuga á stjórnámálum til að hvetja þær til þátttöku í sveitastjórnarkosningunum í maí 2019. Á stuttum tíma setti AkAk saman námskeið sem var haldið tvo laugardaga í mars og fékk til liðs við sig Jafnréttisstofu og JCI Sprotu. Námskeiðin hétu „Konur upp á dekk! Hagnýt fræðsla og samræðuþing um stjórnámál“.



Mynd 4. Jafnréttisviðurkenningar Akureyrarbæjar afhentar við hátíðlega athöfn.

Megin hugmyndafræðin bakvið námskeiðið var að nýta markmið AkAk um að vera brú á milli fræða og samfélags til þess að fræða, hvetja og valdefla konur til þátttöku í stjórnámálastarfi. Námskeiðið var vel sótt og vakti mikla lukku. Forsvarsmenn verkefnisins sáu hinsvegar að hópurinn sem sótti námskeiðið var einsleitur og allt menntaðar konur að undanskildum þeim þátttakendum sem voru á framhaldsskólaaldri. Vorið 2018 fékk AkAk Jafnréttisviðurkenningu Akureyrarbæjar vegna verkefnisins.

Á vormánuðum 2018 sóttu AkAk, Jafnréttisstofa og JCI Sproti ásamt Starfsgreinasambandinu um styrk í Jafnréttissjóð Íslands fyrir verkefninu „Konur taka af skarið!“ til að halda valdeflandi námskeið fyrir konur í verkalýðshreyfingunni. Þannig gæfist kostur á að nýta að hluta til fyrirbyggjandi námskeiðsform en sérsníða það að konum í verkalýðshreyfingunni með það að markmiði að hvetja þær til þátttöku og áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessi hópur var meðal annars valinn vegna þeirrar stöðu sem var í verkalýðshreyfingunni þegar sótt var um styrkinn en þá voru formenn allra landsambanda ASÍ karlkyns og forseti ASÍ einnig. Innan Starfsgreinasambandsins voru 31% formanna konur. Staðan innan verkalýðshreyfingarinnar hefur tekið breytingum á stuttum tíma en ljóst er að enn endurspeglar forysta verkalýðshreyfingarinnar ekki félag hennar hvort sem litið er til kyns eða uppruna. Aðstandendur verkefnisins lögðu áherslu á kenninguna um kítískan massa en samkvæmt henni verða raunverulegar breytingar þegar hlutfall kvenna, eða annarra hópa, er orðið að minnsta kosti 30%.

#### Dagskrá námskeiðanna:

Að bjóða kynjakerfinu birginn. Hugrún R. Hjaltadóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu.

Farið var yfir kynjakerfið og hvort það kæmi í veg fyrir, með undirskipun og aðgreiningu, að konur kæmust til áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar. Markmiðið var að þátttakendur öðluðust dýpri skilning á kynjakerfinu og stöðu kvenna og karla í samfélaginu. Ef jafna á stöðu kynjanna innan verkalýðshreyfingarinnar þarf að draga kynjakerfið fram í dagsljósið og skoða hvernig það hampar (hvítum) körlum á kostnað kvenna og ýmissa minnihlutahópa.

Staða verkalyðsbaráttunnar í dag. Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Rýnt var í stöðu verkalyðsbaráttunnar með tilvísun í fyrri tíma. Farið yfir hvaða rými verkalyðsfélög hafa til að hafa áhrif á lífsgæði og líf skjör félagsmanna. Staða okkar var skoðuð í samanburði við nágrannalöndin og hvernig væri hægt að beita samtakamætti í baráttunni fyrir bættum kjörum, starfsánægjum og líf skjörum.

Uppbygging verkalyðsfélaganna. Drífa Snædal forseti ASÍ.

Uppbygging verkalyðsfélaga er flókin og ekki alltaf augljós. Að einhverju leyti er uppbyggingin arfleidd frá ólíkum vinnumarkaði fyrri tíma en til að starfa í hreyfingunni og geta beitt sér á réttum stöðum þarf að hafa skilning á uppbyggingu félaganna, bæði hvernig skipulag féлага er almennt og eins hvernig skipulagið er innan hvers félags. Leitast var við að svara spurningunum: Hver fer með samningsumboð? Hvernig fer stjórnarkjör fram? Hvar er aðal vettvangur ákvörðunartöku innan féлага, landssambanda og heildarsamtaka?

Leiðtogaþjálfun. Viktor Ómarsson, JCI Sproti.

Leiðtogaferni er ekki meðfædd heldur eitthvað sem við getum þjálfað upp með því að tileinka okkur réttu tæknina og hugarfarið. Farið var yfir hvernig hægt er að vinna með eigið hugarfar og hjálpa öðrum að gera slíkt hið sama. Jafnframt var farið yfir lykiltríði sem hjálpa okkur að ná árangri og viðhalda framkvæmdaglegi.

Að hafa áhrif og koma sínu á framfæri. Viktor Ómarsson, JCI Sproti.

Farið var yfir grundvallaratriði í ræðumennsku, hvernig við náum til fólks í töluðu máli og miðlum skoðunum okkar á áhrifaríkan hátt. Einnig var farið yfir helstu atriði fundarskapa og stjórnun funda. Að kunna umferðareglur funda er grundvallaratriði þess að vera virkur í umræðum og ákvörðunartöku.

Að starfa innan verkalyðshreyfingarinnar. Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Fyrirmyndir skipta miklu máli. Drífa Snædal er fyrsta konan sem hefur verið kosin forseti ASÍ og deildi hún sinni reynslu af því að starfa innan verkalyðshreyfingarinnar með þátttakendum.

Fundarstjóri námskeiðanna var Bergljót Þrastardóttir, stjórnarformaður AkAk.

# KONUR TAKA AF SKARIÐ!

**Viltu láta til þín taka og hafa áhrif  
á verkalyðsbaráttuna og samfélagið?**

Laugardaginn 10. nóvember frá kl. 10:00 til 17:00 í sal Einingar-löju við Skipagötu Akureyri.

Námskeiðið er opið öllum konum sem eru félagar í Starfsgreinasambandi Íslands eða í starfsmannafélögum sveitafélaganna, þeim að kostnaðarlausu. Skráning skal berast í síðasta lagi fimmtudaginn 8. nóvember á netfangið kristinheba@akak.is eða í síma 461 4006.

#### Dagskrá:

- Að bjóða kynjakerfinu birginn
- Staða verkalyðsbaráttunnar í dag
- Uppbygging verkalyðsfélaganna
- Leiðtogaþjálfun
- Að hafa áhrif og koma sínu á framfæri
- Að starfa í verkalyðshreyfingunni



### *Þátttakendur*

Námskeiðið var opið öllum konum sem eru félagar í Starfsgreinasambandi Íslands eða í starfsmannafélögum sveitafélaganna þeim að kostnaðarlausu. Alls sóttu 43 konur námskeiðið á þeim fimm stöðum á landinu þar sem það var haldið.

*Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir stöðum.*

	Fjöldi skráður	Fjöldi mættur
Akureyri	13	11
Borgarnes	5	3
Egilsstaðir	2	Fellt niður
Ísafjörður	5	7
Reykjavík	15	12
Selfoss	12	10

Á öllum námskeiðunum nema því sem var haldið á Ísafirði var a.m.k. einn þátttakandi af erlendum uppruna og á öllum námskeiðunum var a.m.k. einn þátttakandi undir 30 ára. Reynsla þátttakenda af störfum innan verkalýðshreyfingarinnar var mismikil en margir þátttakendur höfðu gríðarlega mikla reynslu af því að starfa í þágu hreyfingarinnar.

### *Mat þátttakenda*

Öllum þátttakendunum á námskeiðunum var send rafræn könnun þar sem var óskað eftir þeirra álitni á námskeiðinu. Niðurstöður könnunarinnar eftir fyrsta námskeiðið og námskeiðin í Reykjavík og Ísafirði voru skoðaðar sérstaklega til að hægt væri að bregðast við ef þátttakendur hefðu athugasemdir um framkvæmd námskeiðanna. Ekki kom til þess og var því sama fyrirkomulag á námskeiðunum á öllum stöðum. Niðurstöður könnunarinnar sýna að þátttakendur voru allir ánægðir með námskeiðið og mikill meirihluti eða 82% var mjög ánægður með þau.



*Mynd 5. Konur taka af skarið! Selfossi*

*Tafla 2. Svör þátttakenda við spurningunni „Þegar á heildina er litið, hversu ánægð eða óánægð ert þú með „Konur taka af skarið!“?“*

Mjög ánægð	82%
Nokkuð ánægð	18%
Hvorki ánægð né óánægð	0%
Nokkuð óánægð	0%
Mjög óánægð	0%

Markmið námskeiðanna var að hvetja konur til þátttöku og áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar. Í könnuninni var m.a. spurt hvort að meiri líkur væru á því að þátttakendur tækju virkari þátt í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar eftir að hafa sótt námskeiðið og gefa niðurstöður þessarar könnunar skýrt til kynna að námskeiðin hafi skilað tilætluðum árangri. Þátttakendur á námskeiðinu á Ísafirði fengu ekki þessa spurningu þar sem enginn þeirra var í verkalýðshreyfingunni og átti hún því ekki við. Valmöguleikinn „Á ekki við“ var sérstaklega hugsaður fyrir þá þátttakendur sem starfa nú þegar fyrir verkalýðsfélögin.

Tafla 3. Svör þátttakenda við spurningunni „Er líklegra að þú takir virkari þátt í verkalýðshreyfingunni eftir að þú tókst þátt í „Konur taka af skarið!“?“

Já	77%
Nei	6%
Á ekki við	17%

#### Gildi verkefnisins

Öll félögin komu boðum til sinna félagskvenna um námskeiðin. Aðstandendur verkefnisins telja að ákveðin mótstaða hafi verið við verkefnið á sumum stöðum og að mögulega hafi ekki allir verið sammála um nauðsyn þess. Það var því oft á tíðum gríðarlega krefjandi að fá þátttakendur á námskeiðin. Það er því ánægjulegt hvað námskeiðið fær einróma lof frá þeim sem sóttu það og að mikill meirihluti þátttakenda telji sig líklegri til að taka virkari þátt innan verkalýðshreyfingarinnar. Aðstandendur verkefnisins eru því stoltir af því að hafa náð til tæplega 50 kvenna víðsvegar um landið og vona að þær láti til sín taka innan hreyfingarinnar.



Mynd 6. Konur taka af skarið! Ísafirði

Kenningin um krítiskan massa hefur margoft sannað gildi sitt og fram hefur komið í hinum fjölmörgu stéttum að það er ekki nóg að það sé ein kona í áhrifastöðu. Kvinnabaráttan í stjórnálagnum á sér töluvert langa sögu, þrátt fyrir það var augljóst í kosningunum 2017 þegar konum fækkaði á

Alþingi, hversu mikilvægt það er að halda jafnréttismálunum á lofti. Innan verkalýðshreyfingarinnar er mun minni hefð fyrir þátttöku og áhrifum kvenna og annarra hópa. Drífa Snædal er fyrsta konan sem er kosin forseti ASÍ í 103 ára sögu samtakanna. Sömu sögu er segja um fólk af erlendum uppruna sem í dag skipar veigamikinn sess á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt er að allir hópar samfélagsins komi að því að móta það, því þannig náum við réttlátu samfélagi sem tekur tillit til þarfa mismunandi hópa. Mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar í að móta samfélagið er ótvírætt og því er nauðsynlegt að draga fleiri að borðum þar sem ákvarðanir eru teknar þannig að hreyfingin endurspegli með raunverulegum hætti það fólk sem hún stendur fyrir.

Aðstandendur þessa verkefnis hvetja verkalýðshreyfinguna til þess að líta inn á við og skoða með hvaða hætti hún getur nálgast fólk sem er ekki jafn áberandi í ábyrgðarstöðum innan hreyfingarinnar s.s. konur, fólk af erlendum uppruna og ungt fólk, og jafnframt hvort að uppbygging hreyfingarinnar sé með þeim hætti að auðvelt sé fyrir nýtt fólk að taka þátt í hreyfingunni og hafa áhrif á hana.

## Kulnun er ekki einkamál

Fullt var út úr dyrum á málþingi AkureyrarAkademíunnar á LÝSU, rokkhátíð samtalsins. Yfirskrift málþingsins var „Kulnun er ekki einkamál“. Málþingið var samstarfsverkefni AkAk, VIRK starfsendurhæfingar, Háskólans á Akureyri og Akureyrarbæjar.

Inga Dagný Eydal, hjúkrunarfræðingur, sagði frá sinni reynslu af kulnun og aðdraganda þess í áhrifaríku erindi. Inga hafði verið undir miklu vinnuálagi í langan tíma sem millistjórnandi í heilbrigðiskerfinu og við það bættust fyrri áföll og veikindi. Afleiðingar kulnunar eru mjög alvarlegar og lýsti Inga því hvernig hún hefur nú þurft að aðlaga líf sitt að breyttum veruleika.



Hildur Petra Friðriksdóttir, ráðgjafi í starfsendurhæfingu hjá VIRK, fjallaði

*Mynd 7. Kulnun er ekki einkamál á LÝSU*

næst um kulnun og starfsendurhæfingu. Hildur fór yfir það hvað kulnun er og lagði áherslu á að oft sé aðdragandi kulnunar langur. Það sé því mikill ávinningur fólginum í því að grípa inn í áður en til kulnunar kemur.

Síðust til máls tók Dr. Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent við HA. Hjördís hefur rannsakað heilsu og líðan meðal starfsfólks sveitafélaganna og sýna niðurstöður hennar meðal annars að allt of margir eru stressaðir í lok vinnudags eða finnst þeir útblunnir. Hjördís sagði að vellíðan á vinnustað hefði áhrif á líðan utan vinnunnar en viðvarandi vinnutengd streita til kulnunar í starfi. Það væri því mikilvægt að skapa öruggan og eflandi vinnustað með góðum starfsaðstæðum.

Að erindunum loknum sátu frummælendur í pallborði og stjórnaði Karl Frímannsson, fræðslustjóri Akureyrarbæjar umræðum. Margir tóku til máls og var fjallað um málefnið frá ýmsum sjónarhornum. Mikil áhersla var á forvarnir og fræðslu innan vinnustaða um helstu einkenni sem geta leitt til kulnunar og hvernig vinnustaður á að skipuleggja vinnu fólks með tilliti til þátta eins og innra skipulags, jöfnunar álags í starfsmannahópnum o.fl. Einnig var rætt um það samfélag sem við búum í þar sem við þurfum öll að vera vakandi fyrir okkar samstarfsfólki, hlúa að öðrum og hvetja fólk til að leita aðstoðar ef við sjáum merki um að einstaklingur sé að upplifa þætti eins og síþreytu, minnistap sem má rekja til streitu, magnleysi, félagskvíða o.fl.

## Samráðsgátt stjórnvalda

Á starfsárinu var haldinn fundur innan AkAk þar sem farið var yfir frumvarp í umsagnarferli innan samráðsgáttarinnar. Hugmyndin af verkefninu kviknaði í kjölfar umræðna á lýðræðishátíðinni LÝSU um eflingu trausts á stjórnmalum og þær leiðir sem stjórnvöld hafa tekið til að auka aðgengi almennings að upplýsingum og ákvörðunartöku. Hugmyndin af verkefninu felst í því að AkAk skapi vettvang þar sem ólíkir aðilar gætu komið saman á opnum fundum og farið með gagnrýnum hætti yfir frumvörp, reglugerðir eða stefnur stjórnvalda og eftir atvikum komið á framfæri athugasemdum. Þetta samræmist vel þeirri hugmyndafræði sem AkAk byggir á þar sem fólk úr ólíkum áttum vinnur hvert að sínu verkefni en nýtir sér þó samvinnu með því að ræða málin á opin og gagnrýnn hátt. Einn fundur hefur verið haldinn og var ákveðið að hafa fyrsta skiptið eingöngu fyrir fulltrúa innan AkAk þar sem um tilraun væri að ræða. Fundurinn gekk mjög vel og fóru fundarmenn með gagnrýnum hætti yfir eitt frumvarp og skiluðu inn athugasemdum undir nafni AkAk.

## Starfsárið 2019-2020

Mikilvægustu verkefni starfsársins eru að finna langtíma húsnæði fyrir stofnunina sem og endurnýjun samstarfssamning stofnunarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Starfsárið verður þó með kyrrari kjörum en oft áður og eru engin stór verkefni fyrirhuguð á árinu sökum fæðingarorlofs framkvæmdastjóra. Ráðinn verður aðili tímabundið til að sinna daglegum rekstri og utanumhaldi en öll starfsemi verður þó í lágmarki þar til framkvæmdastjóri hefur störf á ný.

### Húsnæðismál

Algjör óvissa ríkir um þessar mundir í húsnæðismálum AkAk. Miklar sviptingar á starfsárinu urðu þar sem þriggja ára leigusamningi við bæjaryfirvöld var fagnað um áramót en síðan missti stofnunin húsnæði sitt með skömmum fyrirvara á vormánuðum. Stofnunin er nú í tímabundnu húsnæði þar til í febrúar 2020.

Í kjölfar breyttrar stöðu í húsnæðismálum hafa bæjaryfirvöld ásamt AkAk, Háskólanum á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Mátis tekið upp viðræður um hvort grundvöllur og tækifæri séu fyrir sameiginlegri nýtingu á skrifstofuaðstöðu. Þegar þetta er ritað er unnið að því að kanna samstarfsgrundvöll mismunandi aðila í bæjarfélaginu og er ljóst að ekki verður útséð með hverju sú vinna mun skila fyrir en síðar á árinu. Áfram verður lögð áhersla á gott samtal við bæjaryfirvöld um framtíð stofnunarinnar og mikilvægi þess að hún komist í öruggt húsnæði til lengri tíma.

### Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti

Samningur AkureyrarAkademíunnar við mennta- og menningarmálaráðuneyti er lykilatriði í rekstri stofnunarinnar. Frá því að samningar náðust árið 2015 hefur starfsemi stofnunarinnar aukist til muna. Ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri í 70% starf sem var mikilvægt skref fyrir stofnunina. Ljóst var áður en samningar náðust, að umfang AkAk var orðið mun meira en hægt var að sinna af stjórnarfélagi í sjálfboðavinnu. Ráðning starfsmanns til stofnunarinnar hefur gert henni kleift að halda betur utan um rekstur hennar og standa fyrir stærri og viðameiri viðburðum. Núverandi samningur gildir út árið 2019 og er mjög mikilvægt fyrir framgang AkAk að hann verði endurnýjaður.

### Samstarf

AkureyrarAkademían mun áfram vinna að því að eiga gott samstarf við hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök. Auk þess verður lögð áhersla á að efla enn frekar gott samstarf við Háskólann á Akureyri og ReykjavíkúAkademíuna. Einnig verður áfram unnið að því að skoða samstarf við fleiri aðila með tilliti til húsnæðismála AkAk og hvort grundvöllur sé fyrir rekstri fleiri eininga undir sama þaki.

Lögð var áhersla á að auka samstarf við fulltrúa innan AkAk á liðnu starfsári með góðum árangri. Verður áframhaldandi áhersla á að ná enn betur til þeirra fjölmörgu fræði- og vísindamanna á svæðinu sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi AkAk með einum eða öðrum hætti.

### Vefsíða og samfélagsmiðlar

Stofnunin mun á starfsárinu leggja áherslu á að auka enn frekar sýnileika sinn á samfélagsmiðlum. Á síðastliðnu starfsári hefur síaukin áhersla verið lögð á virkni stofnunarinnar á samfélagsmiðlum og hefur umferð um fésbókarsíðu hennar aukist til muna. Umferð um vefsíðu stofnunarinnar hefur haldist með svipuðu móti og er hún aðgengileg upplýsingaveita.

## Umhverfisvernd

Áhersla á umhverfismál verður áfram áberandi innan AkAk á starfsárinu. Mikilvægt er að halda þeim árangri sem náðist hefur og leita fleiri leiða til að minnka áhrif af starfsemi stofnunarinnar á umhverfið.

## VIÐBURÐIR

Þar sem öll starfsemi stofnunarinnar verður í lágmarki þetta starfsár vegna fæðingarorlofs framkvæmdastjóra er eingöngu fyrirhugað að vera með fyrirlestraröð á Öldrunarheimilum bæjarins.

### Fyrirlestraröð á öldrunarheimilunum

Samstarfsverkefni AkAk og Öldrunarheimilanna á Akureyri hefur gefist vel og vakið mikla ánægju. Sett verður upp sambærileg fyrirlestraröð á starfsárinu í samráði við Öldrunarheimilin. Aftur verður lögð ríkuleg áhersla á að íbúar á Öldrunarheimilunum hafi kost á að velja þau erindi sem helst höfða til þeirra. Verkefnið hefur hlotið styrki úr Samfélagssjóði Norðurorku og Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA.